

Miðvikudaginn 11. nóvember 1970.

Nr. 161/1970. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

**Baldri Magnúsi Stefánssyni**

(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.).

**Dó m e n d u r:**

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Ómerking. Frávisun.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Gjaldheimtan í Reykjavík kærði mál þetta til yfirsakadómarans í Reykjavík með bréfi 21. ágúst 1968. Rannsóknarlögreglan í Reykjavík tók skýrslu af ákærða 17. september 1968. Málið var síðan sent saksóknara ríkisins án frekari rannsókna. Saksóknari ríkisins gaf út ákæru á hendur ákærða 16. desember 1968. Hafði þá ekkert verið kannað um stöðu og starfsskyldu ákærða og engar skýrslur teknar af skráðum fyrirvarsmönnum Lithoprents h/f. Ákæra í máli þessu er því reist á rannsókn, sem fullnægði ekki, eins og á stóð, skilyrðum laga til málshöfðunar, sbr. 1. mgr. 115. gr. laga nr. 82/1961. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa ákærunni frá héraðsdómi.

Sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti skal greiða úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, kr. 18.000.00.

### **Dómsorð:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Jónasar A. Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 18.000.00.

### Dómur sakadóms Reykjavíkur 10. marz 1969.

Ár 1969, mánudaginn 10. marz, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnsyni sakadómarara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 103/1969: Ákærvaldið gegn Baldri Magnúsi Stefánssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 16. desember 1968, gegn Baldri Magnúsi Stefánssyni prentara, Háagerði 81, fæddum 13. nóvember 1928 í Reykjavík, „fyrir fjárdrátt með því að standa Gjaldheimtunni í Reykjavík ekki skil á og þannig draga Lithoprenti h/f kr. 62.947.00, sem hann hafði haldið eftir af kaupum starfsmanns fyrirtækisins, Malcholms Waltons, Búðargerði 9, Reykjavík, til greiðslu opinberra gjalda hans samkvæmt kvittunum frá árunum 1967 og 1968.

Telst þetta varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar“.

#### Málavextir.

Ákærði réðst sem setjari til prentsmiðjunnar Lithoprents, sem rekin er af samnefndu hlutafélagi, fyrir rúmu ári, að eigin sögn. Skömmu eftir að ákærði tók til starfa, lét framkvæmdastjóri fyrirtækisins, Páll G. Bjarnason, af störfum. Réðst þá svo, að ákærði tók að sér að annast daglegan rekstur prentsmiðjunnar, og hefur hann gert það þar til nú fyrir fáum dögum, er hann kveðst hafa hætt störfum hjá fyrirtækinu. Ekki virðist ákærði þó hafa formlega verið ráðinn prentsmiðjustjóri, og ekki var honum veitt prókúruumboð fyrir Lithoprent h/f. Stjórnarformaður í hlutafélaginu er Einar Sigurðsson, Bárugötu 2. Ákærði annaðist daglega stjórn prentsmiðjunnar, sá um launagreiðslur, og yfirleitt kveðst hann hafa séð um að skila Gjaldheimtunni fé því, sem kvittað var fyrir sem greiðslu opinberra gjalda starfsmanna.

Bókhald Lithoprents h/f var fært í bókhaldsvélum í skrifstofu Hraðfrystistöðvarinnar í Reykjavík, sem Einar Sigurðsson veitir forstöðu.

Árið 1967 og fram eftir ári 1968 starfaði í Lithoprenti erlendur maður, Malcolm Walton að nafni. Hann hvarf af landi brott síðsumars 1968. Samkvæmt kvittunum, er maður þessi sýndi Gjaldheimtunni í Reykjavík, var haldið eftir af launum hans hjá Lithoprenti samtals kr. 101.547.00 til greiðslu opinberra gjalda. Er hér um að ræða 76 kvittanir fyrir opinberum gjöldum samkvæmt

gjaldheimtuseðli, útgefnar á tímabilinu janúar 1967 til ágúst 1968,  
svo sem hér greinir:

|      |      |    |    |    |    |    |    |     |        |
|------|------|----|----|----|----|----|----|-----|--------|
| 27/1 | 1967 | .. | .. | .. | .. | .. | .. | kr. | 900.00 |
| 1/2  | —    | .. | .. | .. | .. | .. | .. | —   | 900.00 |
| 10/2 | —    | .. | .. | .. | .. | .. | .. | —   | 900.00 |
| 17/2 | —    | .. | .. | .. | .. | .. | .. | —   | 900.00 |
| 24/2 | —    | .. | .. | .. | .. | .. | .. | —   | 900.00 |
| 3/3  | —    | .. | .. | .. | .. | .. | .. | —   | 900.00 |
| 10/3 | —    | .. | .. | .. | .. | .. | .. | —   | 900.00 |
| 17/3 | —    | .. | .. | .. | .. | .. | .. | —   | 900.00 |
| 22/3 | —    | .. | .. | .. | .. | .. | .. | —   | 900.00 |
| 31/3 | —    | .. | .. | .. | .. | .. | .. | —   | 900.00 |
| 7/4  | —    | .. | .. | .. | .. | .. | .. | —   | 900.00 |
| 14/4 | —    | .. | .. | .. | .. | .. | .. | —   | 900.00 |
| 21/4 | —    | .. | .. | .. | .. | .. | .. | —   | 900.00 |
| 28/4 | —    | .. | .. | .. | .. | .. | .. | —   | 900.00 |
| 5/5  | —    | .. | .. | .. | .. | .. | .. | —   | 900.00 |
| 12/5 | —    | .. | .. | .. | .. | .. | .. | —   | 900.00 |
| 16/5 | —    | .. | .. | .. | .. | .. | .. | —   | 900.00 |
| 26/5 | —    | .. | .. | .. | .. | .. | .. | —   | 900.00 |
| 2/6  | —    | .. | .. | .. | .. | .. | .. | —   | 900.00 |
| 7/6  | —    | .. | .. | .. | .. | .. | .. | —   | 900.00 |
| 16/6 | —    | .. | .. | .. | .. | .. | .. | —   | 900.00 |
| 23/6 | —    | .. | .. | .. | .. | .. | .. | —   | 900.00 |
| 30/6 | —    | .. | .. | .. | .. | .. | .. | —   | 900.00 |
| 6/7  | —    | .. | .. | .. | .. | .. | .. | —   | 900.00 |
| 14/7 | —    | .. | .. | .. | .. | .. | .. | —   | 900.00 |
| 21/7 | —    | .. | .. | .. | .. | .. | .. | —   | 900.00 |
| 28/7 | —    | .. | .. | .. | .. | .. | .. | —   | 900.00 |
| 2/8  | —    | .. | .. | .. | .. | .. | .. | —   | 900.00 |
| 11/8 | —    | .. | .. | .. | .. | .. | .. | —   | 900.00 |
| 18/8 | —    | .. | .. | .. | .. | .. | .. | —   | 900.00 |
| 25/8 | —    | .. | .. | .. | .. | .. | .. | —   | 900.00 |
| 1/9  | —    | .. | .. | .. | .. | .. | .. | —   | 900.00 |
| 8/9  | —    | .. | .. | .. | .. | .. | .. | —   | 900.00 |
| 13/9 | —    | .. | .. | .. | .. | .. | .. | —   | 900.00 |
| 18/9 | —    | .. | .. | .. | .. | .. | .. | —   | 900.00 |
| 22/9 | —    | .. | .. | .. | .. | .. | .. | —   | 900.00 |
| 29/9 | —    | .. | .. | .. | .. | .. | .. | —   | 900.00 |
| 6/10 | —    | .. | .. | .. | .. | .. | .. | —   | 900.00 |

|       |      |         |     |          |
|-------|------|---------|-----|----------|
| 20/10 | 1967 | .. .. . | kr. | 900.00   |
| 27/10 | —    | .. .. . | —   | 900.00   |
| 3/11  | —    | .. .. . | —   | 900.00   |
| 10/11 | —    | .. .. . | —   | 900.00   |
| 17/11 | —    | .. .. . | —   | 900.00   |
| 24/11 | —    | .. .. . | —   | 900.00   |
| 1/12  | —    | .. .. . | —   | 900.00   |
| 8/12  | —    | .. .. . | —   | 900.00   |
| 15/12 | —    | .. .. . | —   | 900.00   |
| 22/12 | —    | .. .. . | —   | 900.00   |
| 29/12 | —    | .. .. . | —   | 900.00   |
| 11/1  | 1968 | .. .. . | —   | 900.00   |
| 26/1  | —    | .. .. . | —   | 2.200.00 |
| 2/2   | —    | .. .. . | —   | 2.200.00 |
| 7/2   | —    | .. .. . | —   | 2.200.00 |
| 16/2  | —    | .. .. . | —   | 1.700.00 |
| 23/2  | —    | .. .. . | —   | 1.700.00 |
| 1/3   | —    | .. .. . | —   | 1.700.00 |
| 8/3   | —    | .. .. . | —   | 480.00   |
| 29/3  | —    | .. .. . | —   | 2.400.00 |
| 3/4   | —    | .. .. . | —   | 2.500.00 |
| 10/4  | —    | .. .. . | —   | 3.000.00 |
| 19/4  | —    | .. .. . | —   | 2.500.00 |
| 26/4  | —    | .. .. . | —   | 2.500.00 |
| 3/5   | —    | .. .. . | —   | 2.400.00 |
| 10/5  | —    | .. .. . | —   | 3.100.00 |
| 22/5  | —    | .. .. . | —   | 2.200.00 |
| 29/5  | —    | .. .. . | —   | 2.500.00 |
| 8/6   | —    | .. .. . | —   | 2.200.00 |
| 14/6  | —    | .. .. . | —   | 2.500.00 |
| 21/6  | —    | .. .. . | —   | 2.300.00 |
| 28/6  | —    | .. .. . | —   | 2.500.00 |
| 18/7  | —    | .. .. . | —   | 900.00   |
| 26/7  | —    | .. .. . | —   | 2.800.00 |
| 2/8   | —    | .. .. . | —   | 2.500.00 |
| 7/8   | —    | .. .. . | —   | 2.500.00 |
| 14/8  | —    | .. .. . | —   | 807.00   |
| 17/8  | —    | .. .. . | —   | 2.200.00 |

Kvittanir þessar eru allar undirritaðar af starfsfólki í skrifstofu þeirri, þar sem vélabókhald var fært.

Samkvæmt bréfi Gjaldheimtunnar í Reykjavík skilaði Lithoprent h/f einungis kr. 38.600.00 af fé því, sem haldið var eftir af kaupi Malcolms Waltons samkvæmt framansögðu. Hefur ákærði viðurkennt, að svo sé. Samkvæmt því hefur Lithoprent h/f vanrækt að standa Gjaldheimtunni skil á kr. 62.947.00.

Ákærði hélt því í fyrstu fram, að honum væru vanskil þessi með öllu óviðkomandi. Einar Sigurðsson hefur borið það, að ákærða hafi borið að sjá um skil á fé til Gjaldheimtunnar, enda hafi hann yfirleitt séð um það. Hefur ákærði síðan játað það, að skil á opinberum gjöldum hafi verið í hans verkahring. Um gjöld Malcolms Waltons hefur hann sagt, að á árinu 1967 hafi verið haldið eftir af launum hans samkvæmt áætlun, en opinber gjöld hafi fyrst verið lögð á mann þennan á gjaldárinu 1968. Skömmu eftir mitt ár 1968 hafi Walton sagt upp starfi sínu og horfið úr landi. Sakir fjárhagsörðugleika fyrirtækisins hafi það lent í undandrætti að standa skil á öllu því, sem haldið hafði verið eftir af launum Waltons. Ákærði segir, að fyrir síðastliðin áramót hafi megináherzla verið lögð á það að skila opinberum gjöldum fyrir þá menn, sem höfðu hagsmuni af því, að gjöld þeirra yrðu goldin að fullu fyrir áramót. Skil á gjöldum Waltons hafi því heldur verið látin sitja á hakanum, þar sem þau gátu ekki, úr því sem komið var, skipt hann máli. Þá segir ákærði, að síðan hafi hann látið greiðslu á vinnulaunum starfsmanna ganga fyrir skilum á umræddu fé, enda hefði það þýtt stöðvun á rekstri prentsmiðjunnar, ef laun hefðu ekki verið goldin.

Leitt er í ljós, að Gjaldheimtan sendi Lithoprenti h/f kröfu um skil á umræddum kr. 62.947.00 hinn 21. ágúst f. á. Þar sem greiðsla var ekki innt af höndum, kærði Gjaldheimtan yfir broti á 247. gr. almennra hegningarlaga með bréfi, dags. 2. september. Hinn 17. s. m. kom ákærði fyrir rannsóknarlögreglu og gaf skýrslu og kannaðist við, að vanskil hefðu orðið, og lofaði að greiða fjárhæðina innan tveggja vikna. Úr greiðslu varð þó ekki, og er fjárhæðin ennþá ógreidd.

Niðurstöður.

Svo sem lýst hefur verið, var af hálfu Lithoprents h/f kvittað fyrir viðtöku samtals kr. 101.547.00 upp í opinber gjöld Malcolms Waltons á tímabilinu 27. janúar 1967 til 17. ágúst 1968, án þess að Gjaldheimtunni væri skilað nema kr. 30.600.00 af þeirri fjárhæð. Eftir því sem upplýstst hefur um stöðu ákærða hjá fyrirtækinu, verður að telja, að hann hafi átt að sjá um skil þessi. Með því að vanrækja þau þykir ákærði því hafa gerzt sekur um

fjárdrátt og unnið til refsingar samkvæmt 247. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing ákærða, sem ekki hefur sætt áður öðrum refsingum en nokkrum sektum fyrir umferðarbrot, þykir hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuði.

Fært þykir að ákveða, að fresta skuli fullnustu refsingarinnar, þannig að hún falli niður eftir 3 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940 svo og hið sérstaka skilorð 6. tl. sömu greinar, þ. e. annist skil á þeim kr. 62.947.00, sem um ræðir í máli þessu.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar.

#### Dómsorð:

Ákærði, Baldur Magnús Stefánsson, sæti fangelsi 4 mánuði. Fresta skal fullnustu refsingarinnar, og falli hún niður eftir 3 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, svo og sérstakt skilorð 6. tl. sömu greinar.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

---